

Gabriel Pierné var franskur organisti, nemandi Cesar Franck og einnig mikilvirkt tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann stjórnaði meðal annars Parísarfrumflutningi á Eldfugli Strawinskis 1910. Prelude de Concert var samið árið 1933 og byggir Pierné þetta verk á stefi eftir enska tónskáldið Henry Purcell (1658 - 1695).

Francois Devienne var franskur flautu- og fagottsnillingur. Hann var mjög eftirsóttur kennari, kenndi meðal annars við konservatoríð í París, en var einnig dáður sem hljóðfæraleikari og tónskáld. Samtímamenn hans lofuðu mjög þokkafullar laglínur og glæsilega uppbyggingu verka hans. Hann samdi ekki færri en ellefu óperur og óperettur, sífónúr og einleikskonserta auk fjölmargra kammerverka. Sónatan sem hér heyrir í kvöld er hin fimmta úr flokki sex sónata op. 24 fyrir fagott og fylgirödd, líklega samin á árunum 1770 - 80.

Louis Spohr var þýskur fiðlusnillingur og hljómsveitarstjóri, meðal annars í Víðnarborg, Frankfurt og Kassel. Spohr var frægur kennari og 1831 kom út eftir hann kennslubók í fiðluleik. Eftir hann liggja 9 sífónúr, 15 fiðlukonsertar, 4 klarinettukonsertar, hátt í 40 strengjakvartettar auk fjölmargra annarra kammerverka. Ekki vitum við hvenær eða hvers vegna þetta hugljúfa adagio fyrir fagott og píanó var samið, en í því má greina margt af því sem talið var einkenna rithátt Spohr, flúr krómatík og smástígar trillur.

Alexandre Tansman fæddist í Póllandi árið 1897, en fluttist rúmlega tvítugur til Parísar. Árið 1941 sigldi hann vestur um haf og bjó í Kaliforníu til loka stríðsins og fluttist þá aftur til Parísar. Auk hljómsveitarverka samdi Tansman mörg kammerverk, þeirra á meðal nokkur fyrir fagott og píanó. Af fagottbókmenntum 20. aldarinnar þykja þessi verk í allra fremstu röð.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Björn Th. Árnason

fagottleikari

og

Hrefna U. Eggertsdóttir

píanóleikari



Þriðjudaginn 3. september 1991 kl. 20:30

Björn Th. Árnason er fæddur árið 1950. Hann hóf nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan blásarakennaraprófi 1975 og ári síðar einleikaraprófi. Frá 1976 - 1980 stundaði hann fagottnám við Tónlistarháskólann í Vínarborg hjá prófessor Karl Öhlberger. Björn hefur leikið fjölmarga einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem útvarpað hefur verið, auk fjölda annarra upptaka fyrir Ríkisútvarpið. Hann er nú formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna og skólastjóri Tónlistarskóla FÍH.

Hrefna Eggertsdóttir lauk einleikaraprófi 1976 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Vínarborg til ársins 1981. Hrefna starfar nú við Tónlistarskólann í Kópavogi. Hún hefur víða komið fram sem píanóleikari, bæði sem meðleikari söngvara svo og í kammermúsík.

Austurríkismaðurinn **Helmut Neumann** nam sellóleik, tónsmíðar og píanóleik við tónlistarháskólana í Salzburg og Vínarborg. Á árunum 1959 - 60 og 1962 - 64 starfaði hann sem sellóleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hóf ungur tónsmíðar, en telur á verkalista sínum aðeins þau verk sem samin eru eftir „Klangreihen“ kerfi kennara hans, Othmars Steinbauers. Þetta er tólf tóna tónsmíðakerfi, sem á rætur í kenningum tónskáldsins Josef Mathias Hauer. Af verkum Neumanns má nefna lagaflokka við ljóð Davíðs Stefánssonar og Gunnars Dal, þrjá strengjakvartetta, fiðlukonsert, sellósónötu og konsert, kórverk og Borgarættina, óperu eftir sögu Gunnars Gunnarssonar. Þættina þrjá, op. 29 samdi Neumann árið 1979 að beiðni Björns Árnasonar og tileinkar verkið honum. Þetta verk heyrir nú í fyrsta sinn hér á landi.

Efnisskrá

Gabriel Pierné (1863 - 1937)	Prelude de Concert op. 53 Allegro ma non troppo
Francois Devienne (1759 - 1803)	Sónata í g-moll op. 24 nr. 5 Allegro con espressione Adagio Rondo (Allegro)
Helmut Neumann (f. 1938)	Drei Stücke für Fagott und Klavier op. 29 (1980) Rasch und lustig Sehr langsam Rasch Tileinkað Birni Th.Árnasyni. <i>Frumflutningur á Íslandi</i>
Louis Spohr (1784 - 1859)	Adagio
Alexandre Tansman (1897 - 1988)	Sónatína fyrir fagott og píanó Allegro con moto Aria - Largo cantabile Scherzo - Presto